

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1848

Ár 2010, þriðjudaginn 22. júní kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Baldur S. Einarsson, Ketill Elíasson, María Elísabet Jakobsdóttir og Elías Jónatansson,
bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Miðbær Bolungarvíkur – hönnunartillaga.

Hulda Birna Albertsdóttir kynnti Bs ritgerð sína við Landbúnaðarháskóla Íslands frá maí 2010, sem fjallar um hönnunartillögu að miðbæjarsvæði í Bolungarvík sem afmarkast af Skólastíg, Vitastíg, Hafnargötu og Miðstræti (göngustíg). Bæjarráð þakkar Huldu Birnu hugmyndaárika tillögu.
10 05 025

2. Kynning á aðalskipulagi – íbúafundur.

Bæjarráð samþykkir að haldinn verði íbúafundur til kynningar á fyrirliggjandi drögum að aðalskipulagi fyrir Bolungarvík. Fundurinn verður haldinn í Ráðhússalnum þriðjudaginn 29. júní n.k. kl. 20:30.

3. Ráðning í stöður án auglýsingar.

Kynnt bréf frá Félagi leikskólakennara til allra sveitarfélaga, dags. 15. júní 2010, þar sem minnt er á að öll störf skuli auglýst laus til umsóknar á opinberum vettvangi.
Bæjarráð tekur undir efni bréfsins enda er ábendingin í fullu samræmi við starfsmannastefnu Bolungarvíkurkaupstaðar.
10 06 013

4. Úttekt á fjármálalegri stöðu sveitarfélagsins.

Bréf frá Capacent, dags. 14.06. 2010 þar sem boðin er þjónusta.
Kynnt.
10 06 012

5. Kjör fulltrúa á Landsþing Sambands Íslanenskra sveitarfélaga.

Á fundi bæjarstjórnar þann 16. júní var Anna G. Edvardsdóttir kjörin sem aðalfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar og Baldur S. Einarsson til vara.
10 06 009

6. Önnur mál.

Hér kom Halla Signý Kristjánsdóttir til fundar.

a. Kaup á Aðalstræti 16.

Bæjarráð samþykkir kaup á Aðalstræti 16 á kr. 1.550.000,-.
Ketill situr hjá við afgreiðslu málsins.

b. Árshlutauppgjör fyrir janúar – mars 2010.

Uppgjörið kynnt.

Fundi slitið kl. 19:05.

Baldur S. Einarsson
Ketill Elíasson
María Elísabet Jakobsdóttir
Halla Signý Kristjánsdóttir
Elías Jónatansson